

Upplausn innan Geðhjálpar kemur illa við geðsjúka:

# Forráðamenn VR tengjast deilium

– sonur Magnúsar L. sagði konu Péturs Maack upp störfum

„Það sem í raun er átakanlegast er hve illa þetta óvissuástand innan samtakanna kemur við fársjúka skjólstæðinga okkar. Fólk sem þarf fyrst og fremst öryggi í sínu daglega lífi en er nú algjörlega í lausu lofti,“ segja Sigurður Árni Gunnarsson og Erna Margrét Ottósdóttir starfsmenn, stuðningsþjónustu Geðhjálpar.



Magnús L. Sveinsson.



Pétur Maack.

Starfseminna segja þau í raun vera lamaða og steininn hafi tekið úr eftir aðalfund samtakanna í fyrra mánuði. Draugagangur, eru orðið sem þau Erna og Sigurður nota um andrúmsloftið innan Geðhjálpar að undanfögnu.

Aðalfundur Geðhjálpar var haldinn fyrir tæpum mánuði. Tvær fylkingar tókust þar á, en áður en til uppgjörs í formannskjöri kom var fundi frestað. Til framhaldsaðalfundur hefur verið boðað næstkomandi laugardag. Óvissuástandið að undanfögnu hefur, að sögn starfsmanna stuðningsþjónustunnar, lamað alla starfsemi hennar. Sem dæmi nefnir Sigurður Árni að ekki sé farið að ráða sumarstarfsfólk og nýir skjólstæðingar eru ekki teknir undir verndarvæng Geðhjálpar. Hann segir að full þörf sé þó á slíku, því margir geðsjúkir séu hreinlega að lenda á götunni. Þá segja starfsmennirnir að rekstur hússins að Tungötu 7 í Reykjavík, þar sem Geðhjálpar er með höfuðstöðvar sínar, hafi reynst félugin þungur baggi og sé því í raun um megn. Það aftur komi niður á starfsemi samtakanna.

## Lyklistarfsmenn farnir

Sigurður og Erna eru í hópi þeirra félagsmanna Geðhjálpar sem vilja burt niverandi stjórn félagsins, undir for-



Óvissuástand

„Átakanlegast er hve þetta óvissuástand innan samtakanna kemur illa við fársjúka skjólstæðinga okkar,“ segja Sigurður Árni Gunnarsson og Erna Margrét Ottósdóttir, starfsmenn stuðningsþjónustu Geðhjálpar.

mennsku Eyðisar Sveinbjarnardóttur. Í deilum innan félagsins hafa þau stutt til formennsku Kristófer Þorleifsson geðlækni. Þau segja stjórnina alls ekki valda hlutverki sínu né heldur framkvæmdastjórnann Svein Magnússon. Dæmi um það sé að margir af lyklistarfsmönnum félagsins hafi á síðustu mánuðum ýmist horfið til annarra starfa eða verið sagt upp. Þarna megi meðal annars nefna framkvæmdastjórnann Ingólf Ingólfsson, Karl Valdimarsson og Kristjónu Kristjánsdóttur. Allt þetta ásamt fleiru sé þess valdandi að Geðhjálpar hafi glatað mikilvægu trausti sínu úti í samfélaginu.

„Sem kunnugt er þá frestaði Eyðis Sveinbjarnardóttir aðalfundi samtakanna á dögnum þegar hún fann að baklandið og stuðningurinn við hana var enginn. Að því eru vitni að þetta



## Innlent fréttaljós

Sigurður Bogi Sævarsson  
blaðamaður

gerði hún að tillögu og nánast fyrirskipan Magnúsar L. Sveinssonar, formanns Verslunarmannafélags Reykjavíkur, sem þarna var á fundinum, en hann er faðir Sveins, framkvæmdastjóra samtakanna,“ segja þau Sigurður og Erna.

Samkvæmt heimildum DV var það eitt fyrsta verk Sveins Magnússonar eftir að hann var ráðinn til starfa að

segja upp störfum Kristjónu Kristjánsdóttur, bókhaldara félagsins. Hún er eiginkona Péturs A. Maack, framkvæmdastjóra VR, sem undanfarið hefur deilt hart við aðurnefndan Magnús, föður Sveins, um fjármál í félagi verslunarmanna í Reykjavík.

Í samtali við DV þvertók Magnús L. Sveinsson fyrir að hann hefði haft nein afskipti af aðalfundi Geðhjálpar né að hann hefði hvatt Eyðis Sveinbjarnardóttur til þess að fresta fundi. Aðspurður hvort tenging væri milli þess að Kristjónu Kristjánsdóttur var sagt upp störfum hjá Geðhjálpar af syni hans og svo deilna þeirra Péturs A. Maack sagðist Magnús ekki trúa því og ekki vita það.

„Annars ætla ég enga skoðun að hafa á þessu,“ sagði Magnús L. Sveinsson.

-bs